

Námsáætlun fyrir textílmennt - 2. bekkur
skólaárið 2021 – 2022



Kennari: Birna Petrína Sigurgeirsdóttir
Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku hálf t skólaárið

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Handverk, aðferðir og tækni	<p>-notað einfaldar aðferðir greinarinnar og beitt viðeigandi áhöldum</p> <p>-unnið úr nokkrum gerðum textílefna</p> <p>-unnið eftir einföldum leiðbeiningum</p>	<p>Nemendur þjálfast í að sníða, klippa og vinna með nál og þráð.</p> <p>Koddabarn - nemendur vinna koddabarn úr lérefti, teikna á það andlit og lita með textíllitum. Hendur og fætur eru gerðar úr filtefni og saumaðar saman með þræðispori.</p> <p>Fugl úr neti og ullarkembu.</p> <p>Skykkjuverkefni- nemendur hanna og sauma skykkju í saumavélinni.</p>	<p>Kennari sinnir leiðsagnarmati við verfeðnavinnu nemenda.</p> <p>Vinnubrögð og færni er metin í gegnum verklega vinnu.</p>
Sköpun, hönnun og útfærsla	<p>-tjáð hugmyndir sínar með einfaldri skissu</p> <p>-skreytt textílvinnu á einfaldan hátt</p>	<p>Koddabarn- unnið út frá eigin hugmyndum nemenda.</p> <p>Fuglaverkefni- nemendur búa til fugl út frá eigin hugmyndum og skreyta.</p> <p>Nemendur þæfa ullarkembu, gera mynd úr ullarkembunni út frá eigin hugmyndum og skreyta.</p>	<p>Metin er hugmyndavinna sköpun og útfærsla á eigin hugmyndum við verkefnavinnu.</p>

Menning og umhverfi	-sagt frá nokkrum tegundum textílefna -notað ný og endurunnin efni í textílvinnu	Nemendur vinna verkefni úr nokkrum gerðum textílefna og læra um heiti þeira. Skykkjuverkefni- nemendur sauma skykkjur eftir eigin hugmyndavinnu úr afgangum og áður nýttum textílefnum. Fuglaverkefni- fuglinn er búinn til úr plastneti undan lauk og fylltur með ullakembu.	Metin er skilningur nemenda á mismunandi textílefnum. Metin er hæfi til að vinna með ólík textílefni við verkefnagerð.
Námsgögn: Bækur, blöð og snið sem tengist textíl, verkefnahugmyndir og fræðslumyndbönd af veraldarvefnum ásamt efniviði og verkfærum í eigu skólans.			
Lokanámsmat: Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt.			